

Miðvikudaginn 7. janúar 1998.

Nr. 6/1998.

Protabú Einars V. Tryggvasonar

(Andri Árnason hrl.)

gegn

Margréti Tryggvadóttur

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi. Málshöfðunarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramenn Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 8. desember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 5. janúar sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. nóvember 1997, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila var vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurði héraðsdómara verði hrundið og lagt fyrir hann að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða kærumálskostnað.

Í málinu leitar sóknaraðili riftunar á veðrétti samkvæmt þremur skuldabréfum í eigu varnaraðila, hverju að fjárhæð 2.000.000 krónur, út gefnum til handhafa 14. desember 1994 af Einari V. Tryggvassyni, bróður varnaraðila. Skuldina átti að greiða með fimmtán jöfnum árlegum afborgunum, en hvorki var hún verðtryggð né skyldi hún bera vexti. Til tryggingar skuldinni setti Einar að veði lóð úr landi Miðdals í Mosfellsbæ, um 77 hektara að stærð, að baki fjárnámi fyrir 483.838 krónum. Um leið voru gefin út þrjú önnur skuldabréf, sams konar þeim, sem hér um ræðir, og stóðu þau aftar í réttindaröð. Skuldabréfunum sex var öllum þinglýst 30. desember 1994.

Samkvæmt gögnum málsins var bú Einars V. Tryggvasonar tekið til gjaldþrotaskipta 25. mars 1996, en frestdagur við skiptin telst vera 29. nóvember 1995. Við skýrslugjöf hjá skiptastjóra 19. apríl

1996 kvaðst þrotamaður eiga fyrrnefnda spildu í landi Miðdals, sem á hvíli „veð vegna skuldabréfa“, en um þau veðréttindi voru ekki skráðar nánari upplýsingar eftir þrotamanninum. Kröfulýsingar-fresti við gjaldþrotaskiptin mun hafa lokið 16. júní 1996, og var ekki lýst kröfum með veðrétti í umræddri landspildu. Í kjölfarið aflaði skiptastjóri mats fasteignasala á verðmæti landspildunnar, en boðaði því næst til veðhafafundar með auglýsingu í Lögbirtingablaði 23. ágúst 1996. Fundurinn, sem var haldinn 5. september sama árs, sótti lögmaður af hálfu eigenda fyrrnefndra sex skuldabréfa. Kvað lögmaðurinn eigendur skuldabréfanna vera þrjá talsins, en sagðist að svo stöddu ekki upplýsa, hverjir þeir væru. Á fundinum boðaði skiptastjóri til nýs veðhafafundar 24. september 1996 og beindi því til lögmannsins, að upplýsingar yrðu veittar um eigendur skuldabréfanna við það tækifæri. Samkvæmt fundargerð frá síðastnefndum degi kom enginn til þess veðhafafundar, en þess er þar getið, að lögmaður eigenda skuldabréfanna hafi óskað símleiðis eftir frestun fundarins. Veðhafafundur var haldinn að nýju 2. október 1996 og sóttur af umræddum lögmanni. Hann kvaðst þar gæta hagsmuna móður þrotamanns, sem ætti eitt skuldabréfanna, og varnaraðila þessa máls, sem ætti þrjú þeirra. Hann greindi frá því, að umbjóðendur sínir hefðu fengið skuldabréfin sem endurgreiðslu á lánum til þrotamanns. Af þessu tilefni boðaði skiptastjóri þrotamann þrívægis til frekari skýrslugjafar án árangurs, en þrotamaður sinnti loks boðun með því að koma í þessu skyni á fund skiptastjóra 7. nóvember 1996. Við það tækifæri veitti þrotamaður meðal annars upplýsingar um, að hann hefði afhent tilteknum skyldmönnum sínum öll skuldabréfin vegna lánveitinga til sín á löngu tímabili svo og vegna vinnu eins skyldmennanna við landspilduna. Skiptastjóri boðaði til skiptafundar í þrotabúinu 9. apríl 1997, og var þar leitað afstöðu kröfuhafa til þess, hvort höfða ætti mál til riftunar á veðréttindum samkvæmt umræddum skuldabréfum, svo og, hvort þeir myndu ábyrgjast greiðslu kostnaðar af þeim málum, sem var talinn geta numið hærri fjárhæð en peningaeign þrotabúsins. Stefna í málinu var gefin út 5. maí 1997 og birt fyrir varnaraðila sama dag.

Í ljósi þess, sem að framan greinir, verður að telja, að skiptastjóri hafi ekki haft nægar upplýsingar til að gera kröfu á hendur varnaraðila um riftun á veðrétti samkvæmt skuldabréfum hennar fyrr en

að fenginni skýrslu þrotamanns 7. nóvember 1996. Þann dag hófst því sex mánaða frestur til málshöfðunar samkvæmt 1. mgr. 148. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., en ekki urðu slíkar tafir á öflun upplýsinga, sem skiptastjóra verður um kennt, að efni séu til að telja frestinn hafa byrjað að líða á fyrra tímamarki. Málið var því höfðað innan frestsins með birtingu héraðsdómsstefnu 5. maí 1997.

Samkvæmt framansögðu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af þessum þætti málsins í héraði, en varnaraðili verður dæmd til að greiða sóknaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili, Margrét Tryggvadóttir, greiði sóknaraðila, þrotabúi Einars V. Tryggvasonar, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. nóvember 1997.

Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 5. maí 1997.

Stefnandi er þrotabúi Einars V. Tryggvasonar, kt. 170242-4599, Miðdal, Mosfellsbæ.

Stefnda er Margrét Tryggvadóttir, kt. 010345-3759, Austurvegi 15, Hvolsvelli.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að rift verði veðrétti stefndu samkvæmt þremur veðskuldabréfum nr. 01086, 01087 og 01088, út gefnum 14. 12. 1994, hvert að fjárhæð 2.000.000 króna, með veði í landspildu úr landi Miðdals I, Mosfellsbæ. Bréfin eru til fimmtán ára með gjalddaga einu sinni á ári, í fyrsta skipti 1. janúar 1996. Skuldari á bréfunum er Einar V. Tryggvason. Þau eru óverðtryggð og vaxtalaus. Bréfin voru afhent til þinglýsingar 14. desember 1994 og innfærð 30. sama mánaðar. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefnda krefst þess aðallega, að kröfu stefnanda verði vísað frá dómi, en til vara, að henni verði hafnað. Þá er krafist málskostnaðar.

Málið var tekið til úrskurðar um aðalkröfu stefndu að loknum málflutningi 21. þessa mánaðar. Krafa um að vísa málinu frá dómi var ítrekuð, en stefnda krafðist þess, að henni yrði hafnað, og báðir aðilar höfðu uppi kröfu um málskostnað í þessum þætti málsins.

Stefnda er systir þrotamanns, Einars V. Tryggvasonar, og er málsóknin reist á 1. og 2. mgr. 137. gr. og 141. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 25. mars 1996, var bú Einars V. Tryggvasonar tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin var 29. nóvember 1995, og kröfulýsingarfresti lauk 16. júní 1996. Lýstar kröfur námu 30.192.188 krónum. Veðhafar lýstu ekki kröfum í búið.

Í skýrslutöku hjá skiptastjóra 19. apríl 1996 er skráð, að þrotamaður hafi verið spurður, hvaða eignir gætu staðið undir lýstum kröfum í þrotabúið. Kvaðst hann eiga tvær landspildur í landi Miðdals í Mosfellsbæ. „Á landinu hvíli veð vegna skuldabréfa.“ Ekki kemur fram, að þrotamaður hafi verið inntur neins frekar um þetta efni.

Samkvæmt fram lögðu þinglýsingarvottorði, dags. 11. 7. 1996, hvíldu á eigninni þrjú fjárnám Mosfellsbæjar, á 1., 3. og 4. veðrétti, að fjárhæð samtals 2.961.753 krónur, sex handhafaveðskuldabréf á 2. veðrétti, hvert að fjárhæð 2.000.000 króna, og handhafatryggingarbréf, að fjárhæð 15.000.000 krónur, á 4. veðrétti. Með bréfi skiptastjóra til bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar, dags. 13. maí 1996, var óskað upplýsinga um stöðu veðkrafna, og var því svarað, eftir því sem upplýst var við málflutning 11. júlí 1996, á þann veg, að fjárnámin hefðu fengist greidd við uppboðssölu annarrar eignar þrotamanns. Hinn 2. ágúst 1996 óskaði skiptastjóri eftir verðmati fasteignasala á landspildum, sem féllu til þrotabúsins, í landi Miðdals í Mosfellsveit. Matið er dagsett 25. ágúst 1996.

Á veðhafafundi 5. september 1996 upplýsti lögmaður stefndu í máli þessu, að hann sækti fund fyrir þrjá aðila, sem væru eigendur sex veðskuldabréfa, hvers að fjárhæð 2.000.000 króna, sem hvíldu á Miðdal I, en kvaðst ekki upplýsa um eigendur þeirra að svo stöddu, þar sem hann þyrfti að ræða við umbjóðendur sína áður og m. a. gera þeim grein fyrir matsgerð þeirri, sem fyrir lægi, og réttarstöðu að öðru leyti. Skiptastjóri áskildi sér rétt til að mótmæla kröfum í landið á grundvelli veðskuldabréfanna. Í fundargerð veðhafafundar 24. september 1996 er skráð, að lögmaðurinn hafi haft samband við skiptastjóra símleiðis fyrir fundinn og óskað eftir því, að honum yrði frestað til nk. fimmtudags vegna anna lögmannsins. Var ákveðið að fresta fundinum til fimmtudags 26. september.

Næsti veðhafafundur var haldinn 2. október 1996, og var tilefni hans að upplýsa um eigendur veðkrafna þeirra, sem hér um ræðir. Lögmaður stefndu sótti fundinn og kvaðst vera með í innheimtu veðkröfur fyrir tvo aðila, annars vegar fyrir stefndu í máli þessu, 6.000.000 króna, en skuldabréfin hefði hún fengið í desember 1994 sem endurgreiðslu á lánum til Ein-

ars, bróður síns. Hins vegar kvaðst lögmaðurinn vera með skuldabréf, að fjárhæð 2.000.000 króna, í innheimtu fyrir móður Einars, Sæunni Halldórsdóttur, sem einnig hefði lánað honum fjármuni í fjárhagsvandræðum hans og fengið skuldabréfið afhent í desember 1994, sem greiðslu (mál þrotabúsins gegn Sæunni Halldórsdóttur er rekið samhliða þessu máli). Protamaður kom til skýrslutöku hjá skiptastjóra 7. nóvember 1996 og gaf nokkru nánari upplýsingar um veðskuldabréfin, ástæður þeirra og viðskipti að baki þeim, en fram höfðu komið; hann hafði ekki orðið við kvaðningum skiptastjóra um að koma 22. október, síðan 25. október og að lokum 31. október.

Hið næsta, sem gerist, er það, að skiptastjóri boðar til skiptafundar 19. mars 1997 til að leita „afstöðu kröfuhafa til höfðunar riftunarmála á hendur ættingjum nákomnum þrotamanni vegna veðsetninga á landi Miðdals I og II og eftir atvikum tryggingu málskostnaðar“. Stefna í máli þessu var gefin út 5. maí 1997. Við skýrslutöku, sem fram fór í Héraðsdómi Reykjavíkur 13. maí 1997, upplýsti þrotamaður um tilurð framangreinds tryggingarbréfs, að fjárhæð 15.000.000 krónur, og þau viðskipti, sem liggja því að baki. Skýrslutakan fór fram að beiðni skiptastjóra í bréfi, dags. 24. apríl 1997, á grundvelli 3. mgr. 81. gr. laga nr. 21/1991.

Frávísunarkrafa stefndu er reist á því, að um sé að ræða tómlæti skiptastjóra og að málið sé bersýnilega höfðað of seint, sbr. 1. mgr. 148. gr. gjaldþrotalaga. Sex mánaða frestur til málshöfðunar samkvæmt því lagaákvæði hafi í síðasta lagi byrjað að líða 2. október 1996.

Af hálfu stefnanda er fært fram, að málið hafi verið höfðað innan sex mánaða, frá því að skiptastjóri átti þess fyrst kost að gera riftunarkröfuna. Þrátt fyrir eftirgangsmuni hafi þrotamaður neitað að veita upplýsingar um handhafa veðréttinda í eigninni. Málshöfðunarfrestur hafi í fyrsta lagi byrjað að líða 7. nóvember 1996.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, þykir skiptastjóri stefnanda hafa sýnt verulegt tómlæti, og verða tafir að litlu leyti raktar til tregðu af hálfu þrotamanns. Ljóst þykir, að skiptastjóri átti þess kost að gera riftunarkröfuna fyrir 5. nóvember 1996. Sex mánaða frestur til málshöfðunar samkvæmt 1. mgr. 148. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991 var því liðinn, er stefna í máli þessu var birt 5. maí 1997. Niðurstaða úrskurðar þessa er því sú, að fallist er á kröfu stefndu um að vísa málinu frá dómi. Þá er fallist á kröfu hennar um málskostnað, sem ákveðst 70.000 krónur.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, þrotabú Einars V. Tryggvasonar, greiði stefndu, Margréti Tryggvadóttur, 70.000 krónur í málskostnað.
